

Athugasemdir vegna: Tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Rammaáætlun.

(Lögð fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012.)

26 Skrokkölduvirkjun (Kaldakvísl - þ.e. útfallið úr Hágöngulóni).

Undirritaður vitnar í texta framkvæmdaáætlunar Landsvirkjunar. *Hágönguvirkjun. Tilhögun og umhverfi*. Skýrsla LV-2009/031, Mars 2009.

Þar segir:

Virkjuðu rennsli er veitt eftir um 9 km löngum jafnt hallandi göngum frá Hágöngulóni, sem er nú þegar fyrir hendi, að neðanjarðar stöðvarhúsi vestan í Skrokköldu. Göngin opnast inn í Hágöngulón í 790 m hæð y.s. milli Syðri- og Nyrðri-Hágöngu. Frá stöðvarhúsi munu liggja um 2,5 km löng, um 4 m víð frárennslisgöng sem opnast í Svörtubotnum nyrðri í um 620 m hæð y.s. röskum 2 km austan Kvíslavatns. Frá frárennslisgöngunum rynni vatnið yfir í Þúfuverskvíslar og með þeim í Kvíslavatn.

Uppsett afl virkjunarinnar er ráðgert 30 MW miðað við 20 m³/s virkjað rennsli og 173 m raunfallhæð. Vatnsvegir og mannvirki er tengjast virkjuninni yrðu að mestu neðanjarðar. Rennsli úr Hágöngulóni annað en leki og flóðvatn á yfirfalli færi um virkjunina í Kvíslavatn og þaðan eftir Kvíslaveitu niður í Sauðafellslón í stað þess að renna þangað úr Hágöngulóni eftir Köldukvíslarfarvegi eins og nú er.

Engin háspennulína er á svæðinu svo að leggja þyrfti línu til tengingar við núverandi landskerfi væntanlega við Vatnsfellsvirkjun í um 60 km fjarlægð frá Skrokköldu. Línan lægi væntanlega stystu leið en þó þannig að hún yrði sem mest í hvarfi frá Sprengisandsleið. Helstu áhrif Skrokkölduvirkjunar að loknum framkvæmdum felast í um 2 km löngum frárennslisskurði og háspennulínu. Önnur sýnileg mannvirki á yfirborði verða gangamunnar, annars vegar vegna frárennslis og hins vegar aðkomu að stöð og vegur að þeim síðarnefnda, og ops sveifluþróar uppi í Skrokköldu. Á framkvæmdatíma yrði á hinn bóginn talsvert umleikis, enda gert ráð fyrir að göngin verði unnin með jarðgangaborvél.

Það er margt sem kemur upp í huga undirritaðs, er þessi texti er lesinn. Þessi möguleiki, að veita vatni úr Hágöngulóni til virkjunar í stöðvarhúsi vestan í Skrokköldu, hefur ekki verið mikið í umræðunni, fyrr en nú, er hugað er að áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, svokölluð Rammaáætlun. Ég hefði búið við að vatni úr Hágöngulóni yrði veitt í frárennslisgöngum í stöðvarhús neðar við farveg Köldukvíslar, þannig að áfram yrði sjáanlegur vatnsstraumur í hinum forna farvegi. Nógu illa er búið að fara með Köldukvísl, að þetta bætist ekki við. Stundum gerist það, að Landsvirkjun hleypi vatni niður í farveginn, þar sem eru Fögrufossar og er það falleg sjón.

Undirritaður bendir á, að þessar fyrirhuguðu virkjunarframkvæmdir eru á og nálægt mikilvægum ferðasvæðum ferðafólks, þar sem er Sprengisandur, Þjósárver, Vonarskarð og allt of nálægt Eyrarrósargili sem er sunnan undir Skrokköldu. Sjáanleg mannvirki virkjunarinnar verða of mikil og ég sé ekki tilganginn með að hleypa öllu straumvatni Köldukvíslar niður í Kvísláveitur. Þar að auki þarf að leggja, samkvæmt áætlun, 60. Km. langa háspennulínu frá stöðvarhúsi að Vatnsfellsvirkjun. Það er skömm að því, að stefna að því, að þurrka upp allan farveg Köldukvíslar neðan Hágöngulóns. Ég mótmæli allri þessari hugmynd í Rammaáætlun og krefst þess að Skrokkölduvirkjun verði tekin úr nýtingarflokki og sett í biðflokk. Eftir það gæfist tími til að huga betur að framtíð þessa svæðis.

Grundarfjörður 11. Nóvember 2011

Gunnar Njálsson

